

Hagvísar Seðlabanka Íslands

Yfirlit um þróun efnahagsmála



Seðlabanki Íslands
Desember 2006

Yfirlit efnahagsmála

Í desember hækkaði **vísitala neysliverðs** um 0,04% frá fyrri mánuði og hefur hækkað um 7% sl. tólf mánuði. Mest áhrif á vísitöluna hafði 2% verðhækkun nýrra bíla (vísitöluáhrif 0,13%) og 1,5% verðlækkun bensíns og olíu (vísitöluáhrif -0,1%). Dregið hefur úr hækkun húsnæðisverðs að undanfögnu og hefur reiknuð húsaleiga hækkað um rúmlega 1% á síðustu þremur mánuðum, sem má eingöngu rekja til áhrifa hækkunar raunvaxta. Vísitala neysliverðs án húsnæðis var óbreytt frá því í nóvember og hefur hækkað um 5,6% sl. tólf mánuði. Kjarnavísitölurnar hækkuðu nokkru meira en vísitala neysliverðs milli mánaða, um 0,24% og 0,26%, og hafa hækkað um 7% og 7,6% sl. tólf mánuði.

Hagvöxtur á þriðja fjórðungi ársins 2006 var töluvert minni en á fyrri hluta þess, 0,8%. Ársvöxtur þjóðarútgjalda (2,4%) og einkaneyslu (2%) á þriðja fjórðungi ársins 2006 var hinn minnsti frá árinu 2002. Fjármunamyndun dróst saman á þriðja fjórðungi um 1,6% frá sama tíma í fyrra en hafði aukist um fimmtung á fyrri hluta ársins. Ársvöxtur samneyslu var hins vegar meiri á þriðja fjórðungi ársins en á öðrum fjórðungi þess, 2,7%. Innflutningur á þriðja fjórðungi dróst saman um 5,4% milli ára. Árssamdráttur útflutnings nam 13%. Er það meiri samdráttur en á fyrri hluta ársins. **Viðskiptahallinn** var nokkru meiri en í fjórðungnum á undan og nam 26,4% af landsframleiðslu samkvæmt tölum Hagstofunnar en 27,4% samkvæmt tölum Seðlabanka Íslands.

Vísbendingar um eftirspurn það sem af er síðasta fjórðungi ársins eru nokkuð misvísandi. Í október og nóvember jókst **Greiðslukortavelta** einstaklinga innanlands um 7,8% að raungildi frá sama tíma í fyrra, en vöxturinn á þriðja fjórðungi ársins var 4,6%. Ársvöxtur **dagvöruveltu** nam 3% að raunvirði í október og nóvember en var tæplega 3,8% á þriðja fjórðungi ársins. Ársvöxtur **sementssölu** í október og nóvember nam 17%. Það er heldur meiri vöxtur en á þriðja fjórðungi ársins.

Væntingavísitala Gallup hækkaði í desember og hefur ekki mælst hærrí frá upphafi vísitölnnar. Allar undirvísitölur hækkuðu í desember, en væntingar til ástands efnahags- og atvinnumála eftir sex mánuði jukust mest, einkum vegna mikilla væntinga til heildartekna heimilisins. Mikil tiltrú neytenda á núverandi ástandi í efnahags- og atvinnumálum á þó mestan þátt í háu gildi vísitölnnar. Vísitala sem mælir **fyrirhuguð stórkaup** hækkaði um rúmlega 3 stig frá síðustu mælingu í september og er ívið hærrí en fyrir ári. Vísitölur fyrirhugaðra húsnæðiskaupa og utanlandsferða hækkuðu frá því í september, en færri huga á bifreiðakaup.

Vöruskipti við útlönd voru óhagstæð um 7 ma.kr. í október. Alls voru fluttar inn vörur að andvirði 27 ma.kr. en útflutningur nam alls 20 ma.kr. Á sama tímabili í fyrra voru vöruviðskipti óhagstæð um 6,4 ma.kr., reiknað á föstu gengi. Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands nam halli á vöruskiptajöfnuði í nóvember 13 ma.kr. Áætlað er að fluttar hafi verið inn vörur fyrir um 32,8 ma.kr. og að vöruútflutningur hafi numið 19,8 ma.kr.

Útflutningsverðmæti sjávarafurða var 12% meira í krónum talið fyrstu tíu mánuði ársins en á sama tíma í fyrra, en tæplega 3% meira á föstu gengi sem skýrist af verðhækkun á erlendum mörkuðum.

Álverð var tæplega þriðjungur hærrí um miðjan desember en á sama tíma fyrir ári. Fyrstu tíu mánuði ársins jókst útflutningsverðmæti áls um 42% á föstu gengi en aðeins um 6% að magni til.

Eldsneytisverð á alþjóðamarkaði hækkar enn og var olíuverð 8% hærrí að meðaltali fyrstu tvær vikur desember en að meðaltali í nóvember.

Skráð **atvinnuleysi** jókst um 0,1 prósentu í nóvember frá fyrri mánuði, var 1,1%. Leiðrétt fyrir árstíðarsveiflu hefur það haldist á bilinu 1,2 - 1,3% frá marsmánuði.

Alls voru **skráðir 1.187 starfsmenn** frá nýju Evrópusambandsríkjunum (E-8) hjá Vinnumálastofnun í nóvember. Frá því í maí hefur stofnunin skráð um 4.300 starfsmenn frá þessum ríkjum sem eru nýir

á íslenskum vinnumarkaði en samkvæmt upplýsingum Vinnumálastofnunar skortir verulega á að allir þeir sem komið hafa til starfa hafi verið skráðir hjá stofnuninni. Það sem af er ári hafa verið skráðir um 6.800 nýir starfsmenn hjá Vinnumálastofnun en um 3.700 allt árið í fyrra. Ef þessum skráningum er bætt við fjölda nýrra atvinnuleyfa hefur nýskráningum fjölgað um rúmlega 83% það sem af er ári frá sama tíma í fyrra.

Hækkun **launavísitölu** í nóvember frá fyrri mánuði var 0,2%. Minni hækkun í nóvember en mánuðina á undan stafar af því að Hagstofan dreifði áhrifum 26 þúsund króna eingreiðslu sem samið var um milli ASÍ og SA við endurskoðun kjarasamninga í nóvember í fyrra á 12 mánuði. Hækkunin gengur því til baka í nóvember og desember í ár, eftir því hvenær hún kom til framkvæmda hjá launagreiðanda. Samkomulagið gerði einnig ráð fyrir því að eingreiðslan yrði að varanlegri 0,65% taxtahækkun frá og með 1. janúar 2007 ef ekki kæmi til uppsagnar kjarasamninga árið 2006. Áhrifin koma því aftur til baka 1. janúar 2007. Árshækkun launavísitölu var 10,5% í nóvember. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 7,3% og jókst kaupmáttur því um 3%.

Reglulegur **tekjuafgangur ríkissjóðs**, án eignasölutekna og -kostnaðar, var 49 ma.kr. fyrstu tíu mánuði ársins en 19 ma.kr. á sama tímabili í fyrra. Reglulegar tekjur voru um 7% meiri að raungildi en fyrir ári en útgjöld um ½% meiri. Útgjöld ríkissjóðs jukust óverulega að raungildi á tímabilinu júlí til október frá fyrra ári. Markmið fjárlaga fyrir árið var 1% samdráttur en var rýmkað í 3% vöxt við samþykkt fjárukalaga. Tekjur ríkissjóðs af tekjusköttum og tryggingagjaldi jukust um 7½% að raungildi á tímabilinu júlí til október miðað við sama tíma í fyrra sem er svipaður vöxtur og fyrir ári. Tekjur af virðisaukaskatti jukust hins vegar töluvert hægar en á sama tíma fyrir ári og tekjur af innflutningi drógust saman um 9%.

Enn hægði á **útlánaaukningu lánakerfisins** á þriðja fjórðungi ársins og jukust þau um 33,7% frá sama fjórðungi fyrra árs, samanborið við 36,8% á öðrum ársfjórðungi. Annan fjórðunginn í röð hægði á vexti útlána til fyrirtækja og var hann 46,7% milli ára. Í fyrsta skipti frá því að bankarnir komu inn á fasteignaveðlánamarkaðinn, hægði verulega á útlánaaukningu lánakerfisins til heimila, og var hún 23,8%.

Enn hægði á **útlánavexti innlendra útlána** innlánsstofnana í nóvember, fimmta mánuðinn í röð, en ársvöxtur þeirra nam samt sem áður 36,8%. Ársvöxtur útlána innlánsstofnana án áætlaðrar gengis- og verðuppfærslu var 25,5% og hefur ekki verið jafn lítill síðan í ágúst 2004. Ársvöxtur **verðtryggðra lána** innlánsstofnana var 25,7% í nóvember, en það er svipaður vöxtur og í september 2004. **Yfirdráttarlán** til heimila drógust saman um 6,5% frá sama mánuði fyrir ári, í fyrsta skipti frá því í janúar 2005.

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa var að meðaltali 0,2-0,36% hærri fyrstu tvær vikur desembermánaðar en mánuðinn á undan. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra íbúðabréfa hækkaði lítillega á sama tímabili. **Vaxtamunur** þriggja mánaða millibankavaxta við útlönd hefur verið svipaður í desember og í mánuðinum á undan. Gengi krónunnar var að meðaltali 1,6% lægra fyrstu tvær vikur desembermánaðar en að meðaltali í nóvember.

Seðlabankar Evrópu, Danmerkur, Svíþjóðar og Noregs hafa hækkað **stýrivexti** um 0,25% frá síðustu útgáfu Hagvísu en seðlabankar Bandaríkjanna, Englands og Japans ákveðið að halda stýrivöxtum óbreyttum.

Í Hagvísu er notast við talnagögn sem tiltæk voru 21. desember 2006.

Yfirlitstafla Hagvísu

I Verðlagsþróun og verðbólguvæntingar¹

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Breyting (%)			Áhrif á 12 mán.	
			frá fyrri mánuði	yfir 6 mánuði ²	yfir 12 mánuði	VNV sl. 12 mán (%)	br. fyrir ári (%)
Vísitala neysluverðs (VNV) (maí 1988=100)	desember '06	266,2	0,0	3,3	7,0	.	4,1
Kjarnavísitala 1 (VNV án búvöru, grænmetis, ávaxta og bensíns).....	desember '06	151,0	0,2	4,9	7,0	6,1	4,6
Kjarnavísitala 2 (kjarnavísitala 1 án opinberrar þjónustu)	desember '06	151,8	0,3	5,0	7,5	6,0	4,3
Innlendar vörur án búvöru og grænmetis	desember '06	139,9	0,2	6,3	8,3	0,7	-1,5
Búvörur og grænmeti	desember '06	130,6	-1,1	1,6	7,0	0,4	-0,3
Innfluttar vörur án áfengis og tóbaks	desember '06	116,2	0,0	-0,8	6,3	1,9	-2,6
- mat- og drykkjarvörur.....	desember '06	126,5	0,1	7,4	10,9	0,3	-6,2
- nýr bill og varahlutir.....	desember '06	127,8	1,6	1,2	10,8	0,8	-3,7
- bensín	desember '06	151,0	-1,5	-14,5	5,8	0,4	4,1
- innfluttar vörur aðrar	desember '06	101,3	-0,1	3,3	4,0	0,6	-3,8
Húsnæði.....	desember '06	246,3	0,3	6,2	11,4	2,6	17,5
Opinber þjónusta	desember '06	147,6	0,0	2,8	1,3	0,1	6,9
Önnur þjónusta.....	desember '06	154,3	0,2	5,5	4,8	1,0	4,6
Dagvara.....	desember '06	130,3	-0,4	5,0	8,8	1,3	-3,0
Innflutningsgengisvísitala (31. des. 1994=100).....	30. nóvember '06	103,7	2,8	25,3	17,3	.	-8,8

	Nýjasta tímabil	Vænt 12 mán. verðbólga	Breyt. frá síðustu könnun	Vænt 12 m. verðbólga fyrir ári	Vænt verðbólga á ársvarða næstu 2 ár	Vænt verðbólga á ársvarða næstu 3 ár	Hugmynd um verðb. sl. 12 mán.
Verðbólguvæntingar fyrirtækja	desember '06	2,2	-1,3	3,7	.	.	.
Verðbólguvæntingar almennings	október '06	5,9	-1,3	4,7	.	.	7,3

1. Grunntímabil vísitalna: Vísitala neysluverðs: maí 1988; aðrar verðvísitölur undirflokkanna: mars 1997=100. 2. Umreiknað til ársbraða.

II Framleiðsla og eftirspurn

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
Landsframleiðsla (ma.kr.).....	3. ársfj. '06	294,4	265,2	4,7	0,8	832,2	2,4
Þjóðarútgjöld (ma.kr.).....	3. ársfj. '06	341,0	299,3	2,6	2,4	974,5	7,7
Einkaneysla (ma.kr.).....	3. ársfj. '06	169,1	151,2	-4,9	2,0	503,4	6,1
Samneysla (ma.kr.)	3. ársfj. '06	70,7	62,9	2,8	2,7	205,4	2,8
Fjármunamyndun (ma.kr.)	3. ársfj. '06	92,5	83,1	11,8	-1,6	255,0	12,2
Útflutningur vöru og þjónustu (ma.kr.).....	3. ársfj. '06	96,4	87,9	-1,5	-13,3	269,7	-9,3
Innflutningur vöru og þjónustu (ma.kr.).....	3. ársfj. '06	-142,9	-122,0	-4,4	-5,4	-412,0	6,9
Velta innanlandsgr. skv. virðisaukask.skýrslum (ma.kr.) ¹	júlí-ágúst '06	247,1	199,7	-2,3	14,1	891,4	14,0
Dagvöruvelta (nóv. 2001=100)	nóvember '06	123,0	119,8	-2,2	2,7	128,9	5,3
Greiðslukortavelta (ma.kr.) ¹	nóvember '06	53,8	50,0	3,4	0,5	603,2	2,4
Velta skráðra fyrirtækja (ma.kr.).....	1. - 2. ársfj. '06	507,0	313,7	44,2	193,3	507,0	193,3
Sementssala (þús. tonn).....	nóvember '06	25,1	22,1	-15,2	13,8	285,0	17,7
Nýskráning bifreiða (stk.).....	nóvember '06	1.395	1.983	0,4	-29,7	22.079	-8,5

Skýring: Allar breytingar fjárhæða á milli tímabila eru raunbreytingar. 1. Breytingar eru reiknaðar út frá árstíðarleiðrétum tölum.

III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
Verðlag sjávarafurða í erlendum gjaldmiðli (jan. 1999 = 100)	september '06	116,2	107,3	2,7	8,2	116,2	8,2
Verðlag áls á heimsmarkaði (\$/tonn)	nóvember '06	2.679	2.050	0,9	30,7	2.462	31,8
Verð olíu á heimsmarkaði (\$/fat)	nóvember '06	56,2	55,5	-3,7	1,2	65,7	21,1
Botnfiskafli (þús. tonn)	nóvember '06	37,1	46,6	-9,3	-20,3	479,7	-0,4
Uppsjávarafli (þús. tonn)	nóvember '06	67,9	51,1	38,9	32,9	751,1	-31,8
Vöruútflutningur (án skipa og flugvéla, ma.kr.) ¹	október '06	19,9	16,0	-3,0	6,9	186,5	9,2
- sjávarafurðir (ma.kr.) ¹	október '06	10,7	9,4	-2,7	-2,7	105,1	2,8
- ál (ma.kr.) ¹	október '06	5,4	2,8	26,1	69,8	46,6	42,2
- aðrar iðnaðarvörur (ma.kr.) ¹	október '06	2,9	3,0	-36,0	-16,5	28,3	-0,9
Vöruinnflutningur (án skipa og flugvéla, ma.kr.) ¹	október '06	26,0	21,4	-10,1	4,2	297,4	18,8
Vöruskiptajöfnuður (án skipa og flugvéla, ma.kr.) ¹	október '06	-6,0	-5,4	.	.	-110,9	.
Útflutningur þjónustu (ma.kr.) ¹	3. ársfj. '06	37,0	42,3	24,0	-24,7	92,3	-16,5
Innflutningur þjónustu (ma.kr.) ¹	3. ársfj. '06	48,8	43,1	6,3	-2,4	135,1	6,3
Raungengi m.v. verðlag (1980=100)	3. ársfj. '06	100,9	105,4	4,7	-4,3	102,1	-3,3

1. Breytingar á vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd eru á föstu gengi.

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting frá ¹		Frá ársbyrjun ²	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
IV Vinnumarkaður og tekjur							
Fjöldi atvinnulausra.....	nóvember '06	1.749	2.247	104	-498	2.050	-35,8
Hlutfall atvinnulausra, árstíðarleiddrétt (% af mannafla).....	nóvember '06	1,2	1,6	0,0	-0,4	1,3	-0,8
Atvinnuleysi skv. vinnumarkaðskönnun (% af mannafla).....	3. ársfj. '06	2,6	1,8	-1,4	0,8	3,0	0,4
Laus störf á vinnumiðlunum.....	nóvember '06	437	1.272	0,0	-65,6	618	-57,5
Útgáfa nýrra atvinnuleyfa.....	nóvember '06	28	455	-22,2	-93,8	3.081	-17,0
Útgáfa atvinnuleyfa alls.....	nóvember '06	266	662	45,4	-59,8	5.348	-1,1
Launavísitala (des. 1988=100).....	nóvember '06	301,0	272,3	0,2	10,5	292,0	9,5
Kaupmáttur launa m.v. launavísitölu (1990=100).....	nóvember '06	141,3	137,1	0,2	3,0	140,6	2,7

1. Breytingar á fjölda atvinnulausra sýna fjölgun/fækkun; breytingar á hlutfalli atvinnulausra sýna hækkun/lækkun (einingin prósent); allar breytingar vísitalna og breytingar á útgáfu atvinnuleyfa og fjölda lausra starfa eru hlutfallslegar (%). 2. Meðal mánaðarlegur fjöldi atvinnulausra og lausra starfa það sem af er árinu, meðaltal atvinnuleysis hlutfalls en uppsafnaður fjöldi atvinnuleyfa. Breytingar á hlutfalli atvinnulausra sýna hækkun/lækkun (einingin prósent); allar aðrar breytingar eru hlutfallslegar (%).

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
V Opinber fjármál							
Tekjuafgangur ríkissjóðs (ma.kr.).....	október '06	5,0	16,6	.	.	49,5	.
Tekjuafgangur ríkissjóðs, hlutfall af tekjum (%).....	október '06	15,8	38,8	.	.	16,1	.
Hrein lánsfjárförf (ma.kr.).....	október '06	4,8	18,7	.	.	46,5	.
Hrein lánsfjárförf (% af tekjum).....	október '06	15,1	43,7	.	.	15,1	.
Tekjur ríkissjóðs (ma.kr.).....	október '06	31,4	42,8	2,3	-31,8	308,4	-13,7
- án eignasölu og óreglulegra tekna (ma.kr.).....	október '06	31,3	26,9	2,2	7,7	307,6	7,5
- af virðisaukaskatti (ma.kr.).....	október '06	11,4	9,8	2,9	8,5	101,9	4,6
- af staðgreiddum tekjuskatti & tryggingargj. (ma.kr.).....	október '06	9,1	7,9	1,5	7,5	92,8	7,3
- af innflutningi (ma.kr.).....	október '06	2,4	2,4	-4,9	-9,0	23,0	-1,4
Útgjöld ríkissjóðs (ma.kr.).....	október '06	26,4	26,2	-2,1	-6,5	258,8	-5,3
- leiðrétt fyrir óreglulegum gjöldum (ma.kr.).....	október '06	26,4	24,6	-2,1	-0,4	258,8	-2,9









Skýring: Fyrstu fjórir dálkarnir vísa til 4ra mánaða meðaltala, hinir tveir til heildartalna frá byrjun árs.

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Meðal-tal	Breyt. frá f. ári (%)
VI Eignamarkaðir							
Úrvalsávísitala, mánaðarmeðaltal (des. 1997=1.000).....	nóvember '06	6.262,9	4.862,4	-2,3	28,8	5.949,4	42,0
Heildarvísitala, mánaðarmeðaltal (des. 1997=1.000).....	nóvember '06	5.721,6	4.526,6	-2,2	26,4	5.462,7	39,8
Velta, mánaðarleg (ma.kr.).....	nóvember '06	117,0	169,1	-51,1	-30,8	1.744,9	62,5
Verð íbúða í fjölbýli á höfuðb.svæði (jan. 1994=100).....	október '06	298,7	281,0	-1,7	6,3	281,0	6,9
Raunverð íbúða alls á höfuðb.svæði (jan. 1994=100).....	október '06	194,7	194,7	-2,4	0,0	193,7	4,0
Aflahlutdeild (kr./kg.).....	desember '06	2200	1625	5,0	35,4	1843	35,2









	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Meðal-tal	Breyt. frá f. ári (%)
VII Fjármálamarkaðir							
Útlán innlánsstofnana til innlendra aðila (ma.kr.).....	október '06	2.203,2	1.579,5	0,1	39,5	.	.
að frádregnum áætl. gengis- og vísitöluáhrifum (vísitala).....	október '06	488,8	381,4	1,0	28,2	.	.
- að raungildi (jan. 2002=100).....	október '06	264,9	203,8	0,1	30,0	.	.
Útlán lánakerfisins (ma.kr.).....	september '06	4.180,0	3.213,9	0,0	30,1	.	.
M3 (ma.kr.).....	október '06	783,4	656,5	6,1	19,3	.	.
Stýrivextir Seðlabankans (%).....	15. desember '06	14,00	10,50	0,0	3,5	12,44	3,10
Peningamarkaðsvextir, 3ja mán. (%) ¹	15. desember '06	12,9	10,1	-1,2	2,8	10,3	1,0
Peningamarkaðsvextir, 12 mán. (%) ¹	15. desember '06	13,3	10,0	-0,4	3,3	10,4	0,5
Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa (RIKB 100317) (%) ¹	15. desember '06	9,6	7,9	0,4	1,6	8,2	0,5
Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa (RIKB 130517) (%) ¹	15. desember '06	8,4	7,7	0,4	0,7	8,1	0,5
Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa (HFF 150224) (%) ¹	15. desember '06	5,1	4,4	0,2	0,8	4,4	.
Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa (HFF 150234) (%) ¹	15. desember '06	4,4	4,2	0,1	0,2	4,3	.
Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa (HFF 150244) (%) ¹	15. desember '06	4,3	4,1	0,1	0,1	4,2	.
Ávöxtunarkrafa spariskirteina (RIKS 151001) (%) ¹	15. desember '06	4,8	4,2	0,1	0,6	4,2	0,6
Meðalvextir óverðtryggðra útlána banka og sparisj. (%) ¹	15. desember '06	19,5	15,8	0,0	3,7	16,1	1,4
Meðalvextir verðtryggðra útlána banka og sparisj. (%) ¹	15. desember '06	8,0	6,7	0,3	1,3	6,7	-0,5
Gengisvísitala krónunnar (31. des. 1991=100) ¹	15. desember '06	124,7	105,0	5,1	19,7	109,1	0,4

1. Allar tölur nema í tveimur öftustu dálkum miðast við 4 vikna meðaltöl, til þess dags sem tilgreindur er.





I Verðlagspróun og verðbólguvæntingar







II Framleiðsla og eftirspurn











II Framleiðsla og eftirspurn






III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði







III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði







III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði







IV Vinnumarkaður og tekjur





IV Vinnumarkaður og tekjur







V Opinber fjármál











V Opinber fjármál











VI Eignamarkaðir











VII Fjármálamarkaðir










VII Fjármálamarkaðir



VIII Alþjóðleg efnahagsmál



VIII Alþjóðleg efnahagsmál



Skýringar við myndir í Hagvísum Seðlabanka Íslands

I-1. Verðbólga (VNV og kjarnavísitölur)

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar vísitölu neysluverðs (VNV) og kjarnavísitalna 1 og 2. Kjarnavísitölurnar eru byggðar á sama grunni og VNV en hin fyrri undanskilur verð bívöru, grænmetis, ávaxta og bensíns og hin síðari til viðbótar verð opinberrar þjónustu. Einnig er sýnt verðbólguþáttumarkmið Seðlabanka Íslands sem tekið var upp í mars 2001.

I-2. Verðlagsþróun: vörur

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar vísitölu neysluverðs og tveggja undirliða hennar; innlendra vara án búvara og grænmetis og innfluttra vara án áfengis og tóbaks.

I-3. Verðlagsþróun: húsnæði og þjónusta

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar vísitölu neysluverðs og þriggja undirliða hennar; húsnæðis, opinberrar þjónustu og annarrar þjónustu.

I-4. Verðlagsþróun: matvara, dagvara og bensín

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar í verðvísitölum þriggja undirflokka vísitölu neysluverðs; matvöru, dagvöru og bensíns.

I-5. Verð innfluttrar vöru í vísitölu neysluverðs og vöruskiptavegin innflutningsgengisvísitala

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Verð á innfluttum vörum án áfengis og tóbaksverðs í vísitölu neysluverðs. Vísitala með meðaltal tímabilsins sem myndin sýnir sem grunnildi. Vöruskiptavegin innflutningsgengisvísitala, meðaltal mánaðar, mars 1997 = 100.

I-6. Undirliðir verðbólgu

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru áhrif breytinga í nokkrum helstu undirflokkum vísitölu neysluverðs á þróun hennar sl. 12 mánuði. Flokkarnir eru fimm: innlendar vörur án búvöru og grænmetis, innfluttar vörur án áfengis og tóbaks, húsnæði, opinber þjónusta og þjónusta á almennum markaði.

I-7. Verðbólga á Íslandi og í viðskiptalöndunum

Heimild: Hagstofa Íslands. Verðbólga á Íslandi og á EES-svæðinu miðað við 12 mánaða breytingu samræmdrar vísitölu neysluverðs (HICP). Verðbólga í viðskiptalöndunum er miðuð við 12 mánaða breytingu vísitölu neysluverðs í Bandaríkjunum, Japan og Sviss en 12 mánaða breytingu í samræmdrar vísitölu neysluverðs í öðrum viðskiptalöndum.

I-8. Verðbólguvæntingar

Heimild: Seðlabanki Íslands. Mælikvarðar á verðbólguvæntingar eru annars vegar verðbólguvæntingar almennings og fyrir-tækja og hins vegar verðbólguálag ríkisskuldabréfa. Væntingar eru skv. könnunum sem IMG Gallup gerir fyrir Seðlabankann. Á árunum 2000-2002 sá IBM (áður PriceWaterHouseCoopers) um kannanirnar á verðbólguvæntingum almennings. Spurt er hver verðbólgan muni verða næstu tólf mánuði. Verðbólguálag ríkisskuldabréfa til 8 ára er reiknað út frá ávöxtunarkröfu ríkisbréfa (RIKB 13 0517) og spariskírteina (RIKS 15 1001). Tölur eru í mánaðarlok.

II-1. Ársfjórðungslegur hagvöxtur og þjóðarútgjöld

Heimild: Hagstofa Íslands. Magnbreyting vergrar landsframleiðslu og þjóðarútgjalda frá sama fjórðungi á fyrra ári. Í september 2005 var tekin upp árleg keðjutenging við útreikning magnbreytinga og tölur aftur til ársins 1997 endurreiknaðar á þann hátt.

II-2. Ársfjórðungsleg einkaneysla og fjárfesting

Heimild: Hagstofa Íslands. Magnbreyting einkaneyslu, samneyslu og fjármunamyndunar frá sama fjórðungi á fyrra ári. Í september 2005 var tekin upp árleg keðjutenging við útreikning magnbreytinga og tölur aftur til ársins 1997 endurreiknaðar á þann hátt.

II-3. Framlag til hagvaxtar

Heimild: Hagstofa Íslands. Magnbreyting vergrar landsframleiðslu frá sama fjórðungi á fyrra ári og hlutdeild undirþátta í hagvexti. Í september 2005 var tekin upp árleg keðjutenging við útreikning magnbreytinga og tölur aftur til ársins 1997 endurreiknaðar á þann hátt.

II-4. Ársfjórðungsleg utanríkisviðskipti

Heimild: Hagstofa Íslands. Magnbreyting útflutnings og innflutnings frá sama fjórðungi á fyrra ári. Í september 2005 var tekin upp árleg keðjutenging við útreikning magnbreytinga og tölur aftur til ársins 1997 endurreiknaðar á þann hátt.

II-5. Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Sýndar eru tölur um heildarveltu og veltu innanlandsgreina. Tölur eru raunvirtar með vísitölu neysluverðs, vísitölu neysluverðs án húsnæðis eða vísitölu neysluverðs án bensíns og húsnæðis, eftir því sem við á, og árstíðarleiðréttar.

II-6. Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum: nokkrir undirflokkar

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Sýndar eru tölur um þrjá undirflokkar; byggingarstarfsemi, smásöluverslun og þjónustugreinar. Tölur eru raunvirtar með vísitölu neysluverðs, vísitölu neysluverðs án húsnæðis eða vísitölu neysluverðs án bensíns og húsnæðis, eftir því sem við á, en ekki árstíðarleiðréttar.

Mynd II-7. Dagvöruvelta

Heimild: Samtök verslunar og þjónustu (SVP)/Rannsóknarsetur verslunar (RSV). Velta dagvöru í smásölu samkvæmt smásölu-vísitölu RSV. Raunvirt með verðvísitölu dagvöru frá Hagstofu. Nóvember 2001=100. Vísitalan er reiknuð af RSV skv. upplýsingum sem berast beint frá fyrirtækjum og er miðað við að a.m.k. 80% fyrirtækja í greininni skili upplýsingum.

II-8. Greiðslukortavelta

Heimild: Seðlabanki Íslands. Velta greiðslukorta einstaklinga (samanlögð velta debetkorta og kreditkorta) innanlands og í heild (innanlands og erlendis). Staðvært er með vísitölu neysluverðs (velta innanlands) og meðalgengisvísitölu (velta erlendis). Sýnd er breyting veltu frá fyrra ári í %, annars vegar í einum mánuði og hins vegar á tímabilinu frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar.

II-9. Velta og afkoma skráðra atvinnufyrirtækja

Heimild: Seðlabanki Íslands. Sýnd er raunveltuaukning og eftirfarandi hlutföll af veltu: hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (framlegð), hagnaður eftir skatta, fjármagnsliðir og veltufé. Úrtak er parað við fyrra ár og notaðar fyrirleggjandi upplýsingar hverju sinni.

II-10. Sementssala og innflutningur og nýskráning bifreiða

Heimildir: Aalborg Portland Ísland hf., BM Vallá, Bilgreinasambandið, Hagstofa Íslands og Sementsverksmiðjan hf. Samanlögð sementssala þriggja seljenda. Sementssala í hverjum mánuði er árstíðarleiðrétt. Tölur um innflutning bifreiða eru frá Hagstofu og ná yfir fólksbíla eingöngu. Tölur um nýskráningu bifreiða eru frá Bilgreinasambandinu og ná yfir bæði nýjar og notaðar bifreiðir í öllum flokkum (fólks-, hópferða-, vöru- og sendibifreiðir). Í öllum tilvikum er reiknað er þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal og sýnd 12 mánaða breyting þess.

II-11. Samningsverð í útboðum og hlutfall samningsverðs og kostnaðaráætlana

Heimildir: Framkvæmdasýsla ríkisins, Innkaupastofnun Reykjavíkur og Vegagerðin. Miðað er við ársfjórðungslegt, vegið meðaltal samninga. Sýnd er fjárhæð samninga og hlutfall samningsverðs og kostnaðaráætlana.

II-12. Væntingavísitölur IMG Gallup

Heimild: IMG Gallup. Væntingavísitala IMG Gallup ásamt vísitölum um mat á núverandi ástandi og væntingar til 6 mánaða.

III-1. Ársfjórðungslegur viðskiptajöfnuður

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Viðskiptajöfnuður sýndur sem hlutfall af (i) vergrí landsframleiðslu og (ii) útflutningi vöru og þjónustu í sama ársfjórðungi.

III-2. Vöruskiptajöfnuður sem hlutfall af vöruútflutningi

Heimild: Hagstofa Íslands. Hreyfanlegt 12 mánaða hlutfall.

III-3. Vöruinnflutningur og vöruútflutningur

Heimild: Hagstofa Íslands. Innflutningur eða útflutningur síðustu 12 mánaða sem hlutfall af 12 mánuðum þar á undan.

III-4. Vöruútflutningur

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Verðmæti vöruútflutnings, reiknað á föstu gengi m.v. útflutningsvegna meðalgengisvísitölu. Sýnt er 3 mánaða hreyfanlegt meðaltal, fyrir heildarvöruútflutning og vöruútflutning að undanskildum skipum og flugvélum.

III-5. Vöruútflutningur eftir vöruflokkum

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Sýnt er útflutningsverðmæti þriggja flokka útflutningsvara (sjávarafurðir, ál og kísiljárn og iðnaðarvörur), reiknað á föstu gengi. Þriggja mánaða hreyfanlegt meðaltal sýnt sem vísitala, janúar 2000=100.

III-6. Árstíðarleiðréttur vöruinnflutningur

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Hreyfanlegt 3 mánaða meðaltal vöruinnflutnings er árstíðarleiðrétt. Sett á fast verð og gengi með vísitölu erlends verðlags og meðalgengisvísitölu m.v. innflutning. Vísitala erlends verðlags er fengin með því að vege saman með gengisvog vísitölur verðlags í helstu viðskiptalöndum.

III-7. Verð- og magnþróun í vöruviðskiptum

Heimild: Hagstofa Íslands. Verð og magnþróun innflutnings og útflutnings. Almennur innflutningur jafngildir heildarvöruinnflutningi að frátöldum skipum flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður). Almennur útflutningur jafngildir heildarvöruútflutningi að fráregnum skipum, flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður).

III-8. Þjónustujöfnuður

Heimild: Seðlabanki Íslands. Sýnd er breyting verðmætis útfluttrar og innfluttrar þjónustu frá sama fjórðungi fyrra árs, reiknað á föstu gengi.

III-9. Undirþættir viðskiptajafnaðar

Heimild: Seðlabanki Íslands. Viðskiptajöfnuður í hverjum ársfjórðungi í ma.kr., skipt eftir helstu undirþáttum (vöruskiptajöfnuður, þjónustujöfnuður og þáttatekjujöfnuður.) Rekstrarframlög eru talin með þáttatekjum.

III-10. Mánaðarlegar aflatölur

Heimild: Fiskistofa. Mánaðarlegt aflamagn (í tonnum) botnfisks og uppsjávarfisks.

III-11. Afli og útflutningsverðmæti sjávarafurða

Heimildir: Fiskistofa og Hagstofa Íslands. Afli íslenskra skipa á heimamiðum og fjarimiðum. Sýnt er aflamagn eftir helstu flokkum, uppsafnað frá ársbyrjun til loka næstliðins mánaðar. Verðmæti útfluttra sjávarafurða eftir helstu flokkum eru f.o.b.-tölur á nafnvirði, uppsafnaðar frá áramótum, en ná oftast mánuði styttra fram en tölur um aflamagn.

III-12. Verð á sjávarafurðum og áli

Heimildir: Hagstofa Íslands og London Metal Exchange (LME). Verð sjávarafurða mælt í íslenskum krónum skv. mánaðarlegum verðvísitölum Hagstofu Íslands það er umreiknað yfir í erlendan gjaldmiðil með því að deila með vöruskiptavog m.v. útflutning. Verð áls frá LME í Bandaríkjadöllum. Sýnd eru mánaðarleg meðaltöl og auk þess nýjasta álverð. Ekki er árstíðarleiðrétt.

III-13. Olíu- og bensínverð

Heimild: Bloomberg. Hráólía, bensín og IPE, framvirkt verð. Sýnd eru mánaðarleg meðaltöl, seinustu dagverð og framvirkt verð næstu fjögurra ársfjórðunga í Bandaríkjadöllum.

III-14. Hrávöruverð á heimsmarkaði

Heimild: EcoWin/Economist. Vikulegar tölur. Sýndar eru tvær vísitölur; hrávöruverð í heild án eldsneytis og verð matvæla, bæði í Bandaríkjadöllum og evrum.

III-15. Ársfjórðungslegt raungengi

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Raungengi miðað við hlutfallslegt neysluverð annars vegar og hlutfallsleg laun hins vegar.

IV-1. Atvinnuleysi

Heimildir: Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands. Mánaðarlegar tölur. Skráð atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla, mælt og árstíðarleiðrétt. Skráð atvinnuleysi er meðalfjöldi einstaklinga sem skráðir eru á atvinnumiðlunum á öllu landinu, sem hlutfall af áætluðum mannafla á vinnumarkaði í hverjum mánuði.

IV-2. Störf í boði hjá vinnumiðlunum

Heimild: Vinnumálastofnun. Framboð á lausum störfum hjá vinnumiðlunum í lok hvers mánaðar. Þriggja mánaða hreyfanleg meðaltöl.

IV-3. Veitt atvinnuleyfi

Heimild: Vinnumálastofnun. Heildarfjöldi útgefina atvinnuleyfa er sýndur og einnig fjöldi nýrra leyfa (og leyfa vegna nýs vinnustaðar). Þriggja mánaða hreyfanleg meðaltöl.

IV-4. Fjöldi starfandi

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Frá 2003 er byggt á upplýsingum úr ársfjórðungslegri vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu. Fram til ársins 2003 var byggt á upplýsingum úr staðgreiðslugögnum. Niðurstöður frá og með janúar 2003 eru því ekki fyllilega sambærilegar við fyrri niðurstöður.

IV-5. Breytingar á meðalvinnutíma, fjölda við vinnu og heildarvinnustundafjölda

Heimild: Hagstofa Íslands. Byggt er á upplýsingum úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu. Fram til ársins 2003 náði vinnumarkaðsrannsóknin einungis til sinnar hvorrar vikunnar í apríl og nóvember en frá og með janúar 2003 er rannsóknin samfelld, hverju ársfjórðungsúrtaki skipt jafnt á 13 vikur og niðurstöður birtar ársfjórðungslega. Niðurstöður frá og með janúar 2003 eru því ekki fyllilega sambærilegar við fyrri niðurstöður. Heildarvinnutími er margfeldi fjölda þeirra sem voru við vinnu í viðmiðunaviku og meðalvinnutíma þeirra.

IV-6. Atvinnuleysi og atvinnuþátttaka skv. könnun Hagstofu

Heimild: Hagstofa Íslands. Byggt er á upplýsingum úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu. Fram til ársins 2003 náði vinnumarkaðsrannsóknin einungis til sinnar hvorrar vikunnar í apríl og nóvember en frá og með janúar 2003 er rannsóknin samfelld, hverju ársfjórðungsúrtaki skipt jafnt á 13 vikur og niðurstöður birtar ársfjórðungslega. Niðurstöður frá og með janúar 2003 eru því ekki fyllilega sambærilegar við fyrri niðurstöður.

IV-7. Launavísitala og kaupmáttur launa

Heimild: Hagstofa Íslands. 12 mánaða breyting launavísitölunnar, tímabil miðast við útreikningstíma. Kaupmáttur sem launavísitala staðvirt með vísitölu neysluverðs.

IV-8. Laun á almennum markaði og hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Laun á almennum markaði og laun hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum eru undirliðir launavísitölunnar. Tímabil miðast við útreikningstíma vísitölunnar.

V-1. Tekjuafgangur og hreinn lánsfjárafgangur ríkissjóðs

Heimild: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins í úrvinnslu Seðlabanka Íslands. Tekjuafgangur síðustu fjögurra mánaða sem hlutfall af tekjum sömu mánaða, hvort tveggja raunvirt. Lánsfjárafgangur síðustu fjögurra mánaða sem hlutfall af tekjum sömu mánaða, hvort tveggja raunvirt. Raunvirðing miðað við vísitölu neysluverðs. Leiðrétt er aftur í tímann fyrir bókhaldsbreytingu í janúar 2004 og aðaluppgjör skatta og bóta í júlí-ágúst er látið falla á ágúst til að komast hjá innihaldslausum sveiflum. Eignasölutekjur meðtaldar.

V-2. Reglulegar tekjur og gjöld ríkissjóðs

Heimild: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins í úrvinnslu Seðlabanka Íslands. Innheimtar tekjur og greidd gjöld, 12 mánaða raunbreyting milli fjögurra mánaða hreyfanlegra meðaltala. Raunvirðing miðað við vísitölu neysluverðs. Leiðrétt er aftur í tímann fyrir bókhaldsbreytingu í janúar 2004 og aðaluppgjör skatta og bóta í júlí-ágúst er látið falla á ágúst til að komast hjá innihaldslausum sveiflum. Eignasölutekjur meðtaldar.

V-3. Reglulegar tekjur ríkissjóðs án eignasölu og gjöld án vaxta

Heimild: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins í úrvinnslu Seðlabanka Íslands. Tekjur ríkissjóðs án eignasölu og tengdra liða, gjöld ríkissjóðs án vaxta. 12 mánaða raunbreyting milli fjögurra mánaða hreyfanlegra meðaltala. Raunvirðing miðað við vísitölu neysluverðs. Leiðrétt er aftur í tímann fyrir bókhaldsbreytingu í janúar 2004, tímasetningu aðaluppgjörs skatta komast hjá innihaldslausum sveiflum.

V-4. Þróun skatttekna ríkissjóðs

Heimild: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins í úrvinnslu Seðlabanka Íslands. Þrír flokkar skatttekna: a) tekjuskattur einstaklinga og tryggingagjöld, b) virðisaukaskattur og c) gjöld af innflutningi. 12 mánaða raunbreyting milli fjögurra mánaða hreyfanlegra meðaltala. Raunvirðing miðað við vísitölu neysluverðs. Aðaluppgjör skatta og bóta í júlí-ágúst er látið falla á ágúst til að komast hjá innihaldslausum sveiflum.

V-5. Þróun ríkisútgjalda, helstu málaflokkar

Heimild: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins í úrvinnslu Seðlabanka Íslands. Þrír meginflokkar ríkisútgjalda eftir málaflokkaskiptingálflokkaskiptingu. Almenn mál eru alm.opinber þjónusta án vaxta ásamt löggæslu o.fl.; félagsmál eru menntamál, heilbrigðismál, almannatryggingar, velferðarmál, umhverfismál, menningarmál o.fl.; efnahagsmál eru samgöngumál, útgjöld til atvinnuvegar o.fl. 12 mánaða raunbreyting milli fjögurra mánaða hreyfanlegra meðaltala. Raunvirðing miðað við vísitölu neysluverðs. Ekki er leiðrétt fyrir óreglulegum útgjöldum eins og í öðrum myndum í V kafla. Ný flokkun liggur fyrir frá febrúar 2006 ásamt hliðstæðum mánaðatölum 2005. Hækkar eru reiknaðar með því að framreikna gömlu raðirnar með hækkunum úr nýjum tölum.

V-6. Þróun ríkisútgjalda, megintegundir

Heimild: Mánaðaryfirlit Fjársýslu ríkisins í úrvinnslu Seðlabanka Íslands. Þrír tegundaflokkar ríkisútgjalda, rekstrargjöld, tilfærslur og samtala fjárfestingar og viðhalds. 12 mánaða raunbreyting milli fjögurra mánaða hreyfanlegra meðaltala. Raunvirðing miðað við vísitölu neysluverðs. Rekstrargjöld og tilfærslur leiðrétt eftir föngum fyrir bókhaldsbreytingum, liðum tengdum eignasölu og tímasetningu aðaluppgjörs vaxta- og -barnabóta.

VI-1. Hlutfjármarkaður: Mánaðarleg velta og dagleg verðþróun

Heimild: Kauphöll Íslands. Sínd er mánaðarleg heildarvelta skráðra hlutabréfa (á þingi og utan þings, Tilboðsmarkaður meðtalinn) og dagleg gildi úrvalsvísitölu og þingvísitölu aðallista. Nýjasta talan um veltu er velta yfirstandandi mánaðar til og með föstudegi fyrir útgáfu Hagvísu.

VI-2. Fasteignaverð: Íbúðaverð á höfuðborgarsvæði

Heimildir: Fasteignamat ríkisins og Hagstofa Íslands. Núvirt fermetraverð (staðgreiðsluverð) íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu miðað við vísitölu Fasteignamats ríkisins. Sínd er vísitala raunverðs og 12 mánaða breyting nafnverðs. Mánaðargildin eru hreyfanleg þriggja mánaða meðaltöl.

VI-3. Raunverð atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæði

Heimildir: Fasteignamat ríkisins, Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungstölur. Vegið meðaltal iðnaðar, verslunar og skrifstofuhúsnæðis, 1995=100. Sínt er bæði einfalt meðaltal samninga og vegið eftir stærð húsnæðis.

VI-4. Verð veiðiheimilda í þorski

Heimildir: LÍÚ og Kvótaping. Sínt er meðalverð hvers mánaðar á aflahlutdeild (varanlegur kvóti) og aflamarki (leigukvóti eða skammtímakvóti) í þorski.

VII-1. Útlánaaukning lánakerfisins

Heimild: Seðlabanki Íslands. Breyting frá sama ársfjórðungi síðasta árs. Útlán til heimila, fyrirtækja og útlán alls.

VII-2. Skuldir heimilanna við helstu lánastofnanir

Heimild: Seðlabanki Íslands. Skuldir einstaklinga í lok hvers mánaðar við innlánsstofnanir, við lífeyrissjóði og fjárfestingarlánasjóði samanlagt, og við allar framangreindar stofnanir samanlagt. Einnig er sýnd raunbreyting samanlagðra skuldanna frá sama tíma á fyrra ári, raunvirt er með vísitölu neysluverðs.

VII-3. M3 og innlend útlán innlánsstofnana

Heimild: Seðlabanki Íslands. 12 mánaða %-breytingar á mánaðarlokatölum. Útlánaþróun er einnig sýnd leiðrétt fyrir áætl-uðum áhrifum verðlags- og gengisbreytinga á stofn verðtryggðra og gengistryggðra lána. Við útreikning á breytingum milli ára er leiðrétt fyrir innkomu Kaupþings banka og Glitnis í reikninga innlánsstofnana með því að bæta útlánum þeirra við útlán innlánsstofnana á fyrra tímabilinu. Einnig er sýnt raungildi útlána, reiknað miðað við vísitölu neysluverðs.

VII-4. Raungildi M3 og innlendra útlána innlánsstofnana

Heimild: Seðlabanki Íslands. Útlán og peningamagn (M3) í lok hvers mánaðar er fært til fasts verðs með vísitölu neysluverðs. Peningamagn er árstíðarleiðrétt. Janúar 2001=100.

VII-5. Grunnfé og endurhverf viðskipti við Seðlabankann

Heimild: Seðlabanki Íslands. Grunnfé Seðlabankans og staða endurhverfra viðskipta lánastofnana við Seðlabankann. Sýnd er 12 mánaða breyting þriggja mánaða meðaltala.

VII-6. Stýrivextir Seðlabanka Íslands og vextir á peningamarkaði

Heimild: Seðlabanki Íslands. Vikulegar tölur um ávöxtun í endurhverfum verðbréfasamningum Seðlabankans við lánastofnanir og ávöxtun á peningamarkaði á skuldbindingum til eins dags og þriggja mánaða.

VII-7. Raunstýrivextir og vaxtamunur við útlönd

Heimild: Seðlabanki Íslands. Vaxtamunur við útlönd miðað við ríkisvixla er munur þriggja mánaða ríkisvixlavaxta á Íslandi og í viðskiptalöndunum. Vaxtamunur við útlönd miðað við millibankavexti er munur þriggja mánaða millibankavaxta á Íslandi og í viðskiptalöndunum. Raunstýrivextir eru reiknaðir sem vextir í endurhverfum verðbréfakaupum Seðlabankans leiðréttir fyrir áætl-uðu verðbólguálagi ríkisbréfa til 2 ára (röð endar í mars 2005) eða 8 ára. Verðbólguálag til 8 ára er metið sem munur á ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisbréfa og verðtryggðra spariskírteina (flokkarnir RIKB 13 0517 og RIKS 15 1001). Fram til 15. apríl 2003 var verðbólguálag til skemmri tíma metið á þann hátt en eftir þann tíma og fram til mars 2005 var það reiknað með þeirri aðferð sem lýst er í skýringu við mynd 8. Frá mars 2005 skortir upplýsingar til að reikna verðbólguálag á þennan hátt. Vikulegar tölur.

VII-8. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun ríkisbréfa miðað við hagstæðasta kauptilboð í flokkana RIKB 07 0209, RIKB 13 0517 og RIKB 10 0317. Daglegar tölur.

VII-9. Tímaróf óverðtryggðra vaxta

Heimild: Seðlabanki Íslands. Myndin vinstra megin sýnir REIBOR-vexti á lánum til mislangs tíma. Myndin hægra megin sýnir vexti í kauptilboðum á ríkisvixlum og ríkisbréfum.

VII-10. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra langtímaskuldabréfa

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun miðað við hagstæðasta kauptilboð viðskiptavaka í spariskírteini, húsbref og íbúðabref. Sýndir eru flokkarnir RS15 1001, IBH26 0315 og HFF150434. Daglegar tölur.

VII-11. Meðalvextir óverðtryggðra útlána banka og sparisjóða, ávöxtun ríkisbréfa og stýrivextir

Heimild: Seðlabanki Íslands. Meðalvextir og meðalkjörvextir á óverðtryggðum skuldabréfalánum banka og sparisjóða, ávöxt-unarkrafa ríkisbréfa (flokkur RIKB 07 0209) og vextir í endurhverfum verðbréfakaupum Seðlabankans.

VII-12. Meðalvextir verðtryggðra útlána banka og sparisjóða og ávöxtun spariskírteina

Heimild: Seðlabanki Íslands. Meðalvextir og meðalkjörvextir á verðtryggðum skuldabréfalánum banka og sparisjóða og ávöxt-unarkrafa íbúðabréfa (flokkur HFF 15 0224) (frá 9. júlí 2004, húsbref þar áður) og spariskírteina (flokkur RIKS 15 1001).

VII-13. Mismunur meðalkjörvaxta og stýrivaxta, mismunur útlánsvaxta banka og ávöxtunar spariskírteina

Heimild: Seðlabanki Íslands. Mismunur verðtryggðra meðalútlánsvaxta banka og sparisjóða og ávöxtunarkröfu spariskírteina (flokkur RIKS 15 1001) (þessar raðir eru sýndar í mynd 64). Mismunur óverðtryggðra meðalkjörvaxta banka og sparisjóða og vaxta í endurhverfum verðbréfakaupum Seðlabankans.

VII-14. Út- og innlánsvextir banka og sparisjóða (verðtryggð kjör)

Heimild: Seðlabanki Íslands. Vegið meðaltal meðalvaxta verðtryggðra skuldabréfalána og vegið meðaltal innlánsvaxta á verð-tryggðum reikningum bundnum í 60 mánuði hjá bönkum og sparisjóðum.

VII-15. Gengi krónu gagnvart evru og Bandaríkjadal og gengisskráningarvísitala krónu

Heimild: Seðlabanki Íslands. Gengi evru og Bandaríkjadals gagnvart krónu miðað við skráð opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands og gengisskráningarvísitala krónunnar. Daglegar tölur.

VII-16. Nafngengi og raungengi krónu

Heimild: Seðlabanki Íslands. Raungengi krónu, mánaðarlegar tölur miðað við hlutfallslegt neysluverð. Gengisskráningarvísitala íslensku krónunnar, mánaðarleg meðaltöl. Nýjasta gildi gengisskráningarvísitölu er meðaltal þeirra daga sem liðnir eru í mánuðinum fram að útgáfu Hagvísu.

VIII-1. Verðlagsþróun erlendis

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar 12 mánaða breyting neysluverðs í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

VIII-2. Atvinnuleysisþróun erlendis

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi (fjöldi atvinnulausra sem hlutfall af mannafla) í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

VIII-3. Iðnaðarframleiðsla erlendis

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleiðrétt iðnaðarframleiðsla sem vísitala (2000=100) í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

VIII-4. Hagvöxtur erlendis

Heimild: EcoWin. Ársfjórðungslegar tölur. Magnbreyting vergrar landsframleiðslu frá sama fjórðungi á fyrra ári í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Bretlandi og Japan.

VIII-5. Vöxtur breiðs peningamagns erlendis

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Peningamagn skilgreint sem M3 eða því sem næst.

VIII-6. Útlánvöxtur innlánsstofnana erlendis

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Útlán án markaðsverðbréfa. Tölur fyrir Bretland eru aðeins útlán til einkageira.

VIII-7. Hlutabréfaverð erlendis

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur. Sýndar eru breiðar hlutabréfavísitölur; S&P 500 í Bandaríkjunum, EURO STOXX Index á evrusvæðinu, FTSE 350 í Bretlandi og Nikkei 225 í Japan. Vísitölurnar eru allar settar á 100 í ársbyrjun 2000.

VIII-8. Stýrivextir seðlabanka erlendis

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur um stýrivexti Seðlabanka í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu og í Bretlandi.

VIII-9. Vextir á peningamarkaði erlendis

Heimildir: EcoWin. Daglegar tölur um vexti á peningamarkaði til þriggja mánaða í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu og í Bretlandi.

VIII-10. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa erlendis

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa í Bandaríkjunum, á evrusvæðinu, í Japan og Bretlandi.

VIII-11. Gengi evru gagnvart jeni, Bandaríkjadal og bresku pundi

Heimild: Seðlabanki Íslands. Daglegar vísitölur. Krossgengi miðað við íslenska krónu. Vísitölurnar eru settar á 100 31. desember 2001.

VIII-12. Hagvaxtarspár fyrir evrusvæðið, Bretland og Þýskaland

Heimild: Concensus Forecasts. Spá um árlegan raunvöxt vergrar landsframleiðslu á evrusvæði, í Bretlandi og Þýskalandi. Byggt á mánaðarlegum spám 240 stofnana víðsvegar um heim sem vegnar eru saman. Sýndar eru spár fyrir næstliðið ár, yfirstandandi ár og næsta ár, og er einn ferill fyrir hvert ár. Hver ferill sýnir því þróun spár um hagvöxt viðkomandi ríkis á viðkomandi ári.

VIII-13. Hagvaxtarspár fyrir Bandaríkin og Japan

Heimild: Concensus Forecasts. Spá um árlegan raunvöxt vergrar landsframleiðslu í Bandaríkjunum og Japan. Byggt á mánaðarlegum spám 240 stofnana víðsvegar um heim sem vegnar eru saman. Sýndar eru spár fyrir næstliðið ár, yfirstandandi ár og næsta ár, og er einn ferill fyrir hvert ár. Hver ferill sýnir því þróun spár um hagvöxt viðkomandi ríkis á viðkomandi ári.

VIII-14. Leiðandi hagvísar (Leading Indicators) OECD

Heimildir: EcoWin, OECD. 6 mánaða breyting á árskvarða. OECD, Bandaríkin, evrusvæðið, Bretland og Japan. Leiðandi hagvísar OECD eru samsettir og byggjast á breiðu safni annarra hagvísu.

VIII-15. Væntingavísitölur á evrusvæðinu og í Bandaríkjunum

Heimildir: EcoWin, European Commission, The Conference Board í Bandaríkjunum og Institute for Supply Management (ISM Report on Business) í Bandaríkjunum. Sýndar eru væntingavísitölur fyrir neytendur og fyrirtæki.